

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ:

Deiliskipulag Hraunsholts, Vífilsstaðavegur - Hraunsholtsbraut.

Breytingin felur í sér að við hringtorg á mótum Hraunsholtsbrautar og Vífilsstaðavegar er gert ráð fyrir þremur farsímasendum á sérútbúnum 10 m háum ljósastaurum. Við hvern staur verður tækjaskápur. Við hvern staur verður jafnframt komið fyrir árekstravörn.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi óverulegar breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ:

Deiliskipulag Flata, Brúarflöt 1.

Breytingin gerir ráð fyrir að heimilt verði að reisa 9 m² garðskúr á lóðinni, hámarkshæð er 2,45 m.

Deiliskipulag Lunda, Gígjulundur 1.

Breytingin felur í sér að á baklóð húss er markaður byggingarreitur fyrir 17 m² garðskúr.

Hörgslundur 15.

Breytingin felur í sér stækkun byggingarreitar fyrir 17 m² anddyri, í skoti milli bílskúrs og eldhúsálmú hússins.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Garðabæjar, 13. október 2010,

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.